

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppssjóður Suðurfjarðarhrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar, kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilishjálpin kaupir.

7. gr.

Fyrir heimilishjálpinu skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá, sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinu. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Suðurfjarðarhreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. september 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Hólmavík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Hólmavíkurhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hólmavík.

1. Hafnarbraut hefur aðalbrautarréttindi og skal umferð um allar aðliggjandi götur hafa biðskyldu gagnvart henni.
2. Umferð um Kópnesbraut skal hafa biðskyldu gagnvart Bröttugötu.
3. Bifreiðastöður skulu óheimilar við norðanverða Hafnarbraut frá húsi nr. 31 að Brekkugötu. Einnig skulu bifreiðastöður óheimilar við austanverða Höfðagötu á móts við hús nr. 3 (verslunarhús K. S. H.)

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Strandasýslu, 27. júlí 1979.

Rúnar Guðjónsson.